

**Nd.**

**11. Frumvarp til laga**

[11. mál]

um Fiskiðnskóla.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason.

**I. KAFLI  
AÐALMARKMIÐ**

**1. gr.**

Hlutverk skólans skal vera að veita fræðslu í fiskiðngreinum og útskrifa fiskvinnslufræðinga.

Í lögum þessum nær orðið fiskur, eitt sér og í samsetningum, yfir allan fisk, þar með talin sild, en að auki krabbadýr og skeldýr.

**II. KAFLI  
SKIPULAGSATRIÐI**

**2. gr.**

Skólinn skal vera sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn ráðherra.

**3. gr.**

Skólinn skal vera í eigin húsakynnum, og skal þar vera aðstaða til bóklegrar og verklegrar kennslu, svo og heimavist.

**4. gr.**

Ráðherra skipar 8 menn í skólanefnd til 4 ára í senn og jafnmarga til vara, og hefur nefndin á hendi stjórn skólans.

Sjö nefndarmanna skulu tilnefndir af eftirtöldum aðilum:

Einn af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sambandi íslenskra samvinnufélaga sameiginlega.

Einn af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi sameiginlega.

Einn af Sölusmiðstöð hraðfrystihúsanna og Sambandi íslenskra samvinnuenda sameiginlega.

Einn af Félagi íslenskra niðursuðuverksmiðja.

Einn af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

Einn af opinberum fiskmatsstofnunum sameiginlega.

Einn af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Ráðherra skipar einn nefndarmanna án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Ráðherra skipar skólastjóra og fasta kennara, að fengnum tillögum skólanefndar.

**5. gr.**

Skólinn skal vera á Suðvesturlandi.

**III. KAFLI  
UNDIRMARKMIÐ**

**6. gr.**

Að afloknu prófi hafi nemendur öðlazi undirstöðukunnáttu, bóklega og verklega, til þess að geta tekið að sér verkstjórn, eftirlitsstörf, matsstörf, verkþjálfun, vinnuhagræðingu, stjórn fiskvinnsluvéla og önnur hliðstæð störf í fiskiðnaðinum.

**7. gr.**

Framhaldsdeildir skulu starfræktar í sérgreinum fiskiðnaðarins, svo sem niðursuðu, sildar- og fiskmjölsframleiðslu o. s. frv., eftir því sem skólanefnd telur ástæðu til. Inntaka í framhaldsdeildir skal ekki einskorðast við nemendur, sem setið hafa í aðaldeild skólans.

**8. gr.**

Á vegum fiskiðnskólans skulu jafnframt starfrækt námsskeið fyrir starfsfólk í ýmsum greinum fiskiðnaðarins. Námskeið þessi skulu haldin í verstöðvum landsins, eftir því sem við verður komið.

**IV. KAFLI**

**SKÓLATÍMI, INNTÖKUSKILYRÐI, NÁMSEFNI**

**9. gr.**

Skólatími skal vera full 2 ár, þar af 6 mánuðir verkleg þjálfun í starfandi fiskiðjuveri eftir reglum, er skólanefnd setur. Verklega þjálfunin fari fram að sumri til, þrjú mánuðir í upphafi skólatímans og þrjú mánuðir á milli bekkja.

**10. gr.**

Umsækjendur séu fullra 17 ára og hafi gagnfræðapróf eða hliðstæða bóklega menntun.

Skólastjóra skal heimilt að veita undanþágu frá inntökuskilyrðum og verklegri þjálfun innan takmarka, sem skólanefnd setur.

**11. gr.**

Helztu bóklegar námsgreinar skulu vera:

Fiskvinnslufræði, sem nái yfir greinar fiskiðnaðarins og vélbúnað hans; gæða-  
eftirlit og fiskmat; reikningur og rekstrarbókhalð; efnafræði; eðlisfræði; fiski-  
fræði; gerlafræði; vinnurannsóknir; verzlunarlandafræði; lög og reglur um fisk-  
vinnslu og fiskmat; og að auki aðrar námsgreinar, sem skólanefnd telur ástæðu  
til að kenna.

**12. gr.**

Helztu verklegar námsgreinar skulu vera: Meðferð á nýjum fiski; ísun; flökun;  
frysting; söltun; síldarsöltun; herzla; reyking; niðursuða; framleiðsla fiskrétta;  
lifrabræðsla; fiskmat; vinnurannsóknir; og að auki aðrar námsgreinar, sem skóla-  
nefnd telur ástæðu til að kenna.

**13. gr.**

Nánari ákvæði um starfsemi skólans skulu sett með reglugerð.

**V. KAFLI**

**KOSTNAÐUR**

**14. gr.**

Kostnaður við skólann skal greiddur úr ríkissjóði og fái nemendur ókeypis skólavist.

**Greinargerð.**

Liðin eru full 10 ár síðan flutningsmenn þessa frumvarps hreyfðu því á Alþingi með flutningi þingsályktunartillögu, að nauðsynlegt væri að stofna fiskiðnskóla hér á landi. Eftir margra ára endurflutning var loks hinn 30. apríl 1964 samþykkt þingsályktun frá flm. frv. og tveim öðrum þingmönnum um skipun nefndar til þess að semja tillögur „um stofnun og starfstilhögun almenns fiskiðnskóla í land-

inu“. Skyldi nefndin ljúka störfum fyrir 10. október 1964. Ríkisstjórnin lét undir höfuð leggjast að skipa nefnd þessa í tæka tíð, og það var ekki fyrr en 27. nóvember 1964, sem þáverandi sjávarútvegsmálaráðherra skipaði 8 menn í fiskiðnskólanefnd, síðar var bætt við tveimur, þannig að alls sátu í nefndinni 10 fulltrúar, sem allir voru í nánnum tengslum við hagsmunasamtök fiskiðnaðar, rannsóknastofnanir atvinnuveganna og fiskmatsyfirvöld. Formaður nefndarinnar var Hjalti Einarsson efnaverkfræðingur, einn fremsti sérfræðingur þjóðarinnar í fiskvinnslufræðum. Aðrir nefndarmenn voru: Bergsteinn Á. Bergsteinsson fiskmatsstjóri, Jón Árnason alþm., Jón Skaftason alþm., Margeir Jónsson útgerðarmaður, dr. Sigurður Pétursson gerlafræðingur, dr. Þórður Þorbjarnarson forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Tryggvi Jónsson forstjóri niðursuðuverksmiðjunnar Ora í Kópavogi, Leó Jónsson síldarmatsstjóri og Sveinn Björnsson framkvæmdastjóri Iðnaðarmála- stofnunar Íslands.

#### **Álit fiskiðnskólanefndar:**

Fiskiðnskólanefnd sat að störfum um tveggja ára skeið. Skilaði hún álit til ríkisstjórnarinnar í desember 1966, og var það aðalniðurstaða nefndarinnar að leggja til við ríkisstjórnina, að stofna skyldi sérstakan fiskiðnskóla, er hefði það aðal- markmið að veita fræðslu í fiskiðngreinum og útskrifa fiskvinnslufræðinga.

Því miður hefur ríkisstjórnin haft tillögu fiskiðnskólanefndar að engu og virðist staðráðin í að láta sitja við fullkomið aðgerðaleyfi í fræðslumálum fiskið- naðarins nú sem endranær.

#### **Brýnasta hagsmunamálið.**

Má slíkt þó furðulegt heita, þar sem fullvíst er, að ekki er ágreiningur um með- al áhuga- og kunnáttumanna á sviði sjálvarútvegsins og fiskframleiðslu, að aukin starfsþekking og skólamenntun sé nú brýnasta hagsmunamál fiskiðnaðarins. Þess þarf varla að minnst, að fiskafurðir eru aðalútflutningsvörur Íslendinga og standa að langmestu leyti undir beinni gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Vanræksla á sviði fræðslumála fiskiðnaðarins jafngildir því að afrækja aðalatvinnuveg landsmanna.

Flm. þessa frv. líta svo á, að ekki verði lengur við aðgerðaleyfi unað í fisk- iðnskólamálinu, og vilja nú freista þess að taka upp hugmynd fiskiðnskólanefnd- ar frá 1966, eins og hún kemur fram í tillögu nefndarinnar til frumvarps til laga um fiskiðnskóla, sbr. fjölritað nefndarálit, dags. í des. 1966. Er frv. nefndarinnar flutt hér óbreytt, ásamt skýringum hennar á greinum frumvarpsins.

#### *Skýringar á einstökum greinum frumvarpsins.*

##### **Um 1. gr.**

Aðalmarkmið skólans verður að kenna vinnslu úr fiski á sem breiðustum grund- velli. Nefndin telur eðlilegt, að nemendur fái, að afloknu prófi og tveggja ára námi, heimild til að nota titilinn fiskvinnslufræðingur.

##### **Um 2. gr.**

Þarfnast ekki skýringar.

##### **Um 3. gr.**

Nefndin leggur áherzlu á, að skólinn komist sem fyrst í eigin húsakynni, sem yrðu samboðin þeim sessi, sem íslenzkur fiskiðnaður skipar í íslenzku atvinnulífi. Um þetta atriði eru allir nefndarmenn sammála. Í húsakynnum skólans verður að vera aðstaða til bóklegrar og verklegrar kennslu.

Nauðsynlegt er einnig, að skólinn starfræki fiskverkunarstöð með helztu fisk- vinnsluvélum, þar sem verkun sem flestra fiskafurða getur farið fram. Stærð, af- kastagetu og vélakost fiskvinnslustöðvarinnar skal miða við það, að hún geti verið sem fullkomnust æfingastöð í meðferð á fiski á öllum vinnslustig-

um frá móttöku hárefnis í fullunna og metna vöru. Fari verklega kennslan fram í æfingastöðinni að svo miklu leyti sem aðstæður leyfa. Að sjálfsgöðu verður nauðsynlegt, að kennarar, skólastjóri og skólanefnd fái að ráða nokkru um það, hvernig skólinn mótast. Nefndin vill benda á þá aðstöðu, sem fyrir er í húsakynnum Rannsóknastofnana sjávarútvegsins að Skúlagötu 4, og telur þar vera húsnæði, sem nota mætti fyrst í stað, enda verði það tryggt, að skólinn komist svo fljótt sem við verði komið í eigin húsakynni.

Nefndin telur, að nauðsynlegt sé, að skólinn reki heimavist og mótuneyti til að jafna aðstöðu þeirra, sem skólann sækja.

#### Um 4. gr.

Nefndin leggur til, að skólanefnd fari með stjórn skólans og sé hún skipuð fulltrúum úr fiskiðnaðinum, fulltrúum þeirra opinberu matsstofnana, sem annast fiskmat og eftirlit með fiski og fiskafurðum, þ. e. Fiskmats ríkisins (fiskmatsstjóra), Sildarmats ríkisins (sildarmatsstjóra) og Ferskfiskeftirlitsins, svo og fulltrúa frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Gert er ráð fyrir varamönnum. Þar sem fleiri en ein stofnun tilnefna menn sameiginlega, virðist eðlilegt, að aðalmaður komi ekki frá sömu stofnun og varamaður.

#### Um 5. gr.

Nefndin telur, að heimili fiskiðnskólans eigi að vera á Suðvesturlandi. Stefna ber að því, að kennslan verði sem mest í höndum fastra kennara, en jafnframt verður nauðsynlegt að leita til starfsmanna Rannsóknastofnana sjávarútvegsins, starfsmanna opinberra matsstofnana og starfsmanna sölusamtakanna um kennslu og fyrirlestra. Vegna þessara manna telur nefndin æskilegt, að skólinn verði ekki staðsettur mjög fjarri Reykjavík. Æskilegt er einnig, að skólinn sé staðsettur þannig, að í nágrenninu sé fjölbreytt fiskvinnsla.

#### Um 6. gr.

Í greininni er tekið fram, undir hvaða störf ætlað er til, að fiskvinnslufræðingar verði búnir, og gerir nefndin það að tillögu sinni, að námsefni skólans verði miðað við það, að nemendur öðlist bóklega og verklega kunnáttu í fiskvinnslu, sem nægi þeim til að taka að sér eftirtalin störf: verkstjórn, eftirlitsstörf, matsstörf, verkþjálfun, stjórn fiskvinnsluvéla, vinnuhagræðingu og önnur hliðstæð störf.

#### Um 7. gr.

Nefndin telur, að fiskvinnslufræðingur eigi að hafa staðgóða þekkingu á sem flestum sviðum fiskvinnslu.

Nokkrar greinar fiskiðnaðarins eru það sérhæfar, að telja verður, að þorri nemenda komi ekki til með að nota nema hluta af þeirri þekkingu, sem skólinn kann að veita þeim í þeim greinum. Því er æskilegt, að starfræktar verði framhaldsdeildir við skólann fyrir nemendur, sem ætla að leggja stund á þessar sérgreinar, og er hér sérstaklega átt við niðursuðu og fiskmjölsframleiðslu, svo og aðrar greinar, sem líkt er ástatt um. Nefndin telur rétt, að menn með starfsreynslu og sérstakan áhuga á þessum greinum geti átt þess kost að komast í framhaldsdeildir, þótt þeir hafi ekki áður sótt skólann.

#### Um 8. gr.

Nefndin telur æskilegt, að kennarar skólans ferðist annað veifið milli verstöðva, kynnist þar því fólki, sem við fiskvinnslu og matsstörf vinnur, og haldi fyrir það námskeið. Slík námskeið gætu m. a. stuðlað að aukinni samvinnu milli skólans og þeirra manna, sem eiga að njóta starfskrafta frá honum, auk þess sem þau yrðu liður í þjálfun starfsfólks vinnslustöðva. Námskeiðin gætu einnig verið í því formi, að eftirlitsmenn, hagræðingarmenn, verkstjórar, matsmenn o. s. frv. úr ákveðnum landshluta kæmu saman og ræddu við kennara skólans um sameiginleg viðhorf, hlustuðu á fyrirlestra o. s. frv. Þau gætu verið í því formi, að kennari úr

skólanum færi í fiskvinnslustöð og aðstoðaði við að þjálfa starfsfólk í vinnubrögðum og meðferð fisks. Námskeiðin ættu að vera með fjölbreyttu, líflegu sniði og stuðla að samvinnu og samræmingu ásamt upplýsingamiðlun.

Um 9. gr.

Nefndin leggur til, að skólatími verði full 2 ár og verði námi hagað þannig, að nemendur innritist að vori til að afloknu gagnfræðaprófi og stundi þá sumaravinnu í fiskiðnaði á vegum skólans og undir eftirliti hans. Um haustið hefst síðan námið í sjálfum skólanum, bóklegt og verklegt. Að afloknu fyrsta bekkjar prófi ráðstafar skólastjóri nemendum í sumaravinnu í fiskiðnaði og hefur eftirlit með því, að reglum um þjálfun sé fylgt. Um haustið setjast nemendur í 2. bekk, og að afloknu prófi um vorið útskrifast þeir sem fiskvinnslufræðingar.

Um 10 gr.

Fiskiðnskólanefnd telur, að ströng inntökuskilyrði muni auka virðingu fyrir skólanum og fiskiðnaðinum í heild og verða til þess að laða hæfa nemendur að skólanum. Þess vegna leggur nefndin til, að umsækjendur hafi gagnfræðapróf eða hliðstæða bóklega menntun, enda verður að gera ráð fyrir því, að gagnfræðaskólum fari fjölgandi í kaптúnunum landsins, og það ætti ekki að vera miklum vandkvæðum bundið fyrir unglina að komast í gagnfræðaskóla. Nefndin telur þó rétt, að skólastjóri fái heimild til að veita undanþágu frá þessari aðalreglu.

Um 11. og 12. gr.

Hér er talið upp, hverjar skuli vera helztu námsgreinar í fiskiðnskólanum, bóklegar og verklegar. Að öðru leyti verður það verkefni skólanefndar og skólastjóra að kveða nánar á um námsefni.

Til skýringar skal það tekið fram, að með framleiðslu fiskrétta er átt við tilbúna, niðurlagða, forsoðna og hálfsoðna fiskrétti, sem á síðustu árum hafa náð mikilli útbreiðslu meðal nágrannaþjóðanna. Hér má t. d. nefna fiskskammta, fiskstangir, fiskkökur, fiskbollur, fisksósur og niðurlagða síld. Benda má á, að yfir 50% af útfluttum frystum þorski árið 1965 voru fiskblokkir, sem notaðar voru sem hráefni í þessar afurðir.

Um 13. og 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.